

Starfsmannastefna Aðfanga

Markmið Aðfanga er að fyrirtækið sé skipað hæfu, duglegu, vel þjálfuðu og traustu starfsfólki sem tileinkar sér og stendur vörð um gildi Aðfanga.

Lögð er áhersla á:

- að nýliðar fái þá þjálfun sem þarf til að takast á við starfið
- að búa starfsfólki öruggan vinnustað og góðan aðbúnað
- að starfsumhverfi sé hvetjandi og réttlátt
- að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er
- að stuðla að góðum starfsanda

Ráðningar og móttaka nýliða

Ráðningar starfsmanna byggja á hæfni og reynslu þess sem ráðinn er. Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða við ráðningar. Nýliðar skulu fá nægjanlega þjálfun til þess að takast á við starfið og lögð er áhersla á að starfsmenn geri sér fulla grein fyrir hlutverki sínu.

Öryggi og heilbrigði

Stjórnendum ber að tryggja að allur aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Starfsmönnum að sama skapi gert að fara eftir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar hvað varðar öryggi og aðgát í starfi.

Starfsumhverfi

Lögð er áhersla á innri starfsþróun og að allir starfsmenn hafi jöfn tækifæri til að þróast í starfi. Hvers konar mismunun vegna kyns, kynhneigðar og uppruna er óheimil og einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Aðföngum.

Fjölskylduábyrgð

Leitast er við að hafa gott vinnuskipulag varðandi frítíma og jafnvægi milli fjölskyldu og einkalífs.

Starfsandi og virðing

Við berum öll ábyrgð á góðum samskiptum, jákvæðni, virðingu og hrósi og ræðum það sem betur má fara. Við sýnum samstarfælögum og fyrirtækinu trúnað og förum eftir gildum Aðfanga.